**Ed.** **504. Breytingartillögur** [195. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 9. gr. 4 mgr. Setningin „Dómnefnd er heimilt að raða umsækjendum eftir hæfni þeirra“ falli niður.
2. Við 10. gr. 1. mgr. Orðin „og hafi þar atkvæðisrétt“ í niðurlagi mgr. falli niður.
3. Við 18. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Nú stenzt stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.
4. Við 23. gr. Aftan við síðari mgr. bætist orðin: þegar fé er veitt til á fjárlögum.